

24
9. febr.

SAMÞYKKT

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu,
nr. 148 frá 23. júní 1943.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hver hreppur sýslunnar skal vera sérstakt fjallskilasvæði. Í Patrekshreppi skal þriggja manna nefnd, kosin af hreppsnefnd, hafa stjórn fjallskilamálanna á hendi.

Samþykkt þessi, sem gerð er af sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 9. febrúar 1951.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

25
14. febr.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Egilsstaða.

I. RAFORKA

Rafveita Egilsstaða selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Til lýsingar.

Um kwst.mæli á kr. 2.20 hverja kwst.

B. Til suðu.

Um kwst.mæli á 60 aura hverja kwst. Eftir þessum gjaldskrárlið er einungis seld raforka til fasttengdra suðutækja.

C. Til vélareksturs.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.40 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 200.00 til kr. 250.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til súgþurrkunar á heyi um kwst.mæli á 60 aura hverja kwst., enda sé heimilt að rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.

D. Önnur raforkunotkun.

Aðra raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A. Þegar sérstaklega stendur á, er þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni	kr. 2.00 á mánuði.	25
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 3.00 — —	14. febr.
3. — þrífasa mælum yfir 50 amp.	— 7.00 — —	

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innhenmt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Egilsstaða, nr. 75 19. apríl 1950.

Atvinnuáráðuneytið, 14. febrúar 1951.

Hermann Jónasson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Ólafsfjarðar.

26

15. febr.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið Rafveitunnar.

Rafveita Ólafsfjarðar er fyrirtæki, sem Ólafsfjarðarkaupstaður starfrækir í þeim tilgangi, að veita raforku um kaupstaðinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Ólafsfjarðarkaupstaðar, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Ólafsfjarðar og hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Ólafsfjarðar aflar raforku til almenningsþarfa í kaupstaðnum með því að vinna hana í orkuverum eða kaupa hana frá öðrum, og veitir þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Ólafsfjarðarkaupstaðar og sá hluti nágrennis kaupstaðarins, sem bæjarstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Ólafsfjarðar hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.